



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Bakari, bakaraíðn

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS (EN)

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir eðli og eiginleika þeirra efna sem bakarar vinna með og gerir sér grein fyrir verkan þeirra
- þekkir og kann rétta beitingu allra helstu véla og verkfæra sem bakarar nota við vinnu sína, svo og viðhald þeirra og hirðingu
- þekkir til öryggismála á vinnustað og hagar vinnu sinni þannig að heilsu og öryggi, eigin og annarra, stafi ekki hætta af
- þekkir uppskriftir og útreikninga þeirra og breytir uppskrift eftir framleiðslumagni
- vegur og mælir mjöl og önnur hráefni
- hnoðar, hrærir eða þeytir deig í vél
- vigtar deig í einstök brauð og kökur, setur það t.d. í form eða á plötu
- mótar deig í höndum, t.d. kransakökudeig, og lætur gerdeig lyfta sér í hefskáp
- bakar deig í bakaraofni eða steikir í steikarpotti eftir því sem við á
- losar og þrífur form og plötur, vélar og handverkfæri
- blandar krem og smyr saman tertur
- hjúpar kökur og tertur með rjóma, súkkulaði, marsipani eða öðru og lagar þær til og skreytir
- hefur yfirumsjón með innkaupum, vinnslu og þökkun og ber ábyrgð á hreinlæti á vinnustað

(Heimild Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.). 1996. Starfslýsingar II, sérgreinar í iðnaði og þjónustu. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Iðnú, bls. 10).

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Bakarar starfa í bakaríum eða á veitingahúsum við brauð-, köku- og tertugerð, en geta einnig starfað í kexverksmiðju eða sælgætisgerð við kexbakstur og skreytingar. Vinnutími bakara er breytilegur, unnið er á öllum tímum sólarhringsins. Rétt til starfa í bakaraíðn hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í bakaraíðn sem iðnaðarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Menntamálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs og meistaraskóli.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996, reglugerð um sveinspróf nr. 525/2000. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í þrjár skólaannir, námstími samtals 54 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 120 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Menntamálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is